

Suðureyri 22.mars 2021

Til fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar

Hér með óska ég, fyrir hönd Grunnskólans á Suðureyri, eftir því að skólinn fái áfram úthlutað 7,5 kennslustundum á viku umfram það sem venjubundin áætlun gerir ráð fyrir. Þessar stundir á að nota til að vinna sérstaklega með lestur og orðaforða í tengslum við þróunarverkefni sem skólinn og Leikskólinn vinna að „Náum betri árangri saman“ sem snýst um að vinna með orðaforða með nemendum og auka möguleika foreldra á að vinna með orðaforða og málskilning á heimilum. Rökstuðningur fyrir þessari ósk var kynntur á síðasta ári og aftur mun verða farið yfir hann munnlega á fundi fræðslunefndar.

Jóna Benediktsdóttir

Skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri